



Bt/ Sveitarstjórn Langanesbyggðar

Ágætu fulltrúar.

Með vísan til upplýsingalaga nr. 140/2012, stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sem kveða á um gagnsæi og rétt íbúa til upplýsinga um málefni sveitarfélagsins, óska ég hér með eftir upplýsingum um stöðu og kostnað vegna framkvæmda á hafnarsvæði Þórshafnar sem tengjast uppbyggingu frystigeymslu Ísfélagsins.

Óskað er eftir eftirfarandi upplýsingum:

- Upphaflega kostnaðaráætlun sem lá til grundvallar ákvörðun sveitarstjórnar um að ráðast í verkefnið, sundurliðað niður á hönnunar- (þ.m.t. skipulagskostnað), framkvæmda- og eftirlits- og annan kostnað.
- Heildarkostnaður framkvæmda við höfnina hingað til, sundurliðað eftir verkþáttum (t.d. dýpkun, landfylling, hafnargarður, aðkoma o.fl.).
- Áætlaður heildarkostnaður verkefnisins samkvæmt gildandi áætlunum.
- Afrit af verksamningum sem sveitarfélagið hefur gert vegna verkefnisins.
- Staða verkefnisins í dag (framvinda, lokið verkhlutum, eftirstöðvar).
- Áætlaðar eftirstöðvar verks bæði í umfangi og kostnaði.
- Yfirlit yfir fjármögnun og kostnaðarskiptingu milli aðila (ríki, sveitarfélag, hafnarsjóður, Ísfélagið o.fl.).
- Önnur atriði sem þið teljið skipta máli fyrir heildarmynd verkefnisins.

Frestur til afgreiðslu:

Samkvæmt 17. gr. upplýsingalaga skal beiðni afgreidd svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan 7 virkra daga frá móttöku. Ef afgreiðsla krefst frekari gagnaöflunar eða er umfangsmikil, óska ég eftir að fá tilkynningu um áætlaðan afgreiðslutíma.

Vinsamlegast staðfestið móttöku beiðninnar.

Með kveðju

Reynir Atli Jónsson